

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Reykhólts, Bjarkarbraut 2.*
Í breytingunni felst að Bjarkarbraut 2, 5.700 m² að stærð, verður Bjarkarbraut 2, 5.658 m² að stærð og Bjarkarbraut 2a, 42 m² að stærð þar sem gert er ráð fyrir 8,2 m² húsi undir spennistöð.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. desember 2011.
2. *Breyting á deiliskipulagi við Hótel Geysi og Geysisstofu.*
Í breytingunni felst að afmörkuð er 27 m² lóð undir nýja spennistöð.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. desember 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. janúar 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2012